



KVENNASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

Útgáfudagur 02.02.2026

Ábyrgðaraðili: Skólameistari

Leiðbeiningar um viðbrögð í neyðartilvikum

7 Ofanflóð

Leiðbeiningarnar eiga við áður en lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á staðinn. Eftir að lögregla og/eða björgunaraðilar koma skal hlýða fyrirmælum þeirra.

Ofanflóð geta verið annars vegar snjóflóð og hins vegar skriður. Sumir skólar eru á þekktum snjóflóðasvæðum svo sem á Austurlandi, Vestfjörðum og Tröllaskaga auk þess sem skólabifreiðar fara um slík svæði með nemendum. Aðrir skólar þurfa að huga að þessum kafla sérstaklega vegna ferða að vetri til svo sem í skíða- og brettaferðum. Einnig ef áætlað er að ferðast um fjalllendi sérstaklega í eða í kjölfar mikilla rigninga.

Veðurstofa Íslands fylgist með hættu á ofanflóðum og má finna upplýsingar á heimasíðu hennar www.vedur.is hver hættan er talin á þeim svæðum sem þeir vakta. Á landinu starfa snjóathugunarmenn, snjóflóðavakt er allan sólarhringinn á Veðurstofu Íslands og einnig er rafræn vöktun á ákveðnum svæðum þar sem hægt er að fá smáskilaboð í síma þegar snjóflóðahætta breytist.

Rýmingarkort fyrir ákveðin byggðarlög í landinu liggja fyrir og mikilvægt fyrir skóla að fara yfir rýmingaráætlanir í sínu byggðarlagi þær má finna á heimasíðu almannavarna:

<https://www.almannavarnir.is/natturuva/snjoflod/>

Ef lögreglustjóri gefur út fyrirmæli um rýmingu er íbúum skylt að rýma hús sín. Almannavarnir í héraði opna fjöldahjálparstöð í *samvinnu* við Rauða krossinn og halda skráningu um dvalarstaði fólks þar til því er heimilt að fara til síns heima.

Í ferð á vegum skóla um svæði þar sem snjór er í fjöllum eða mishæðóttu landslagi skulu allir hafa

- Snjóflóðaýla og kunna að nota þá (sending - móttaka)
- Snjóflóðastöng
- Létta skóflu til moksturs

Einnig er gott að hafa snjóflóðapoka þegar aðstæður eru þannig.

Nauðsynlegt er að einstaklingur sem hefur þekkingu á ferðum í fjalllendi að vetri til sé með í för og hjálpi til við undirbúning, leiðarval og fari yfir búnað með þeim sem eru að fara þannig að allir hafi grunnþekkingu á notkun búnaðarins ef hættu ber að höndum.

Orðskýringar:

Snjóflóðaylir	Lítið tæki sem einstaklingur getur sett innan klæða þegar farið er í ferð um snjóflóðasvæði. Ýlirinn þarf að vera stilltur á sendingu. Verði snjóflóð þurfa þeir sem ekki lentu í flóðinu, og eru á öruggu svæði, samstundis að slökkva á sínum ýli. Þeir sem fara til leitar stilla á móttöku. Athugið að ýlir á einhverjum sem ekki lenti í flóðinu, sem stilltur er á sendingu við leit, getur truflað leitina. Farið vel yfir notkun snjóflóðayla áður en farið er um svæði þar sem snjóflóð geta fallið.
Snjóflóðastöng	Stöng sem leggja má saman og taka í sundur og er hentug til að stinga í snjóflóð til að leita að fyrirstöðu sem gæti verið einstaklingur sem fallið hefur í flóðið.
Snjóflóðapoki	Bakpoki sem blæs upp í snjóflóði og reynir að fleyta einstaklingi að yfirborði snjóflóðs.

Alltaf skal kanna aðstæður með snjóflóðahættu í huga fyrir för í fjalllendi í snjó. Einnig þarf að huga að ofangreindum atriðum ef farið er út fyrir troðnar slóðir á skíðasvæðum.

7.1 Almennar leiðbeiningar

Ferðalög

- Fara vel yfir aðstæður á áfangastað og ferðaleið af einstaklingi með færni til að meta hættu og með þekkingu á ferðum um fjalllendi að vetri til
- Hafa samband við Veðurstofu Íslands til að kanna hættu á ofanflóðum ef ástæða er til (sjá kort um hættu á ofanflóðum)
- Kunna að lesa í landslag og forðast hættulega staði m.t.t. snjóflóða-/skriðuhættu. Lítil snjóflóð geta reynst hættuleg í t.d. landslagsgildrum
- Búa alla út með viðeigandi búnað og grunnþekkingu á hann miðað við þá ferð sem er fyrirhuguð
- Í hlýindum, vindi og rigningu, þegar snjóa leysir, ættu sérstaklega þeir sem ferðast til fjalla að vera á varðbergi vegna grjóthruns og skriða sem geta fallið úr bröttum vatnsósa hlíðum
- Vera meðvituð um grjóthrunshættu í bröttum hlíðum, bæði sem falla af náttúrulegum orsökum en einnig sem samferðamenn geta komið af stað
- Hætta við ferð ef áhætta er talin of mikil

Þekkt snjóflóðasvæði

Hér er bæði átt við ef nærumhverfi skóla er á snjóflóðasvæði, svo sem í bæ, sem og daglega ferðaleið nemenda og starfsmanna til og frá skóla.

- Í skólaakstri ber ökumaður hópferðabifreiðar ævinlega ábyrgð á farþegum sínum. Skóli getur ekki tekið fram fyrir hendur á ökumanni en mikilvægt er að vera í góðu samstarfi til að tryggja samræmd vinnubrögð.
 - Fara yfir verkferla með ökumanni/mönnum sem aka með nemendur
 - Skýra fyrir nemendum verklag varðandi mætingar og skólasókn þegar ekki er hægt að aka vegna snjóflóðahættu
 - Fara yfir með nemendum hvað gerist ef snjóflóðahætta skapast á miðjum skóladegi til dæmis þannig að nauðsynlegt sé að fara fyrr heim


- Undirbúa hvað gerist ef nemendur lokast inni á skólasvæði vegna snjóflóða
- Skrá sig á lista fyrir smáskilaboð frá Vegagerðinni um snjóflóðahættu

Sá sem lendir í snjóflóði skal

- **Reyna að synda**
Reyna eftir fremsta megni að halda sér uppi úr flóðinu með því að taka sundtökin
- **Öndunarvegur**
Halda fyrir vit sín og reyna að koma í veg fyrir að þau fyllist af snjó ef borist er stjórnlaust með snjóflóðinu
- **Snjóflóðið stöðvast**
Hreyfa sig eftir fremsta megni þegar snjóflóðið tekur að stöðvast til að búa til rými til öndunar og hreyfingar
- **Halda ró sinni**
Haltu ró þinni. Ekki reyna að kalla á hjálp, fyrr en heyrst vel í leitarmönnum. Mundu að þú heyrir betur í leitarmönnum en þeir í þér
- **Trúin um að vera bjargað eykur lífslíkur til muna**
- **Ef menn eru með snjóflóðabakpoka þá á að reyna að sprengja hann út ef sjálfvirkur búnaður virkar ekki**

Ef þú sérð einhvern lenda í snjóflóði

- **Finna miðunarstað**
Miðaðu út þann stað þar sem þú sást viðkomandi hverfa í snjóflóðið. Notaðu kennileiti til að miða út staðinn
- **Tryggðu öryggi þitt**
Gættu vel að öryggi þínu, annað snjóflóð gæti fallið í farveg hins eða umhverfis það
- **Tilkynning**
Tilkynntu um slysið tafarlaust til **112**



- **Skyndikönnun**
Ef engin hættu er talin á öðru snjóflóði skaltu tafarlaust hefja leit í yfirborði flóðsins, en þar má oft finna vísbendingar um hvar hinn grafni liggur
- **Hjálpartæki**
Notaðu hjálpartæki, ef þau eru til staðar, svo sem snjóflóðayla, snjóflóðastangir, rafmagnsrör, hrífusköft, skíðastafi eða þess háttar. Stingdu þeim lóðrétt niður til að kanna fyrirstöðu. Ef hundur er til staðar skaltu láta hann hjálpa þér við leitina
- **Fyrstu leitarstaðir**
Fyrst í stað skaltu einskorða leitina við þá staði þar sem hraða- eða stefnubreyting hefur orðið á flóðinu, svo sem við kletta, beygjur, vegkanta o.þ.h. Einnig skal leita neðst í tungu flóðsins og upp eftir skriðu

Þegar lýst hefur verið yfir hættuástandi vegna snjóflóða

- **Förðist að vera utandyra**
Gætið þess að vera sem minnst utandyra og alls ekki í fjalllendi þegar hættu er á snjóflóðum

- **Dvalarstaður öryggisráðstafanir**
Dveljið þeim megin í húsinu sem snýr undan fjallshlíðinni. Gluggum og millihurðum skal tryggilega lokað. Setjið hlera fyrir þá glugga sem að fjallinu snúa
- **Kjallarar**
Dveljið ekki í kjöllumur húsa nema þeir séu alveg niðurgrafnir og með steyptri loftplötu
- **Stöðutilkynningar**
Þeir sem búa eða dvelja afskekkt komi á síma- eða talstöðvarsambandi við aðila utan hættusvæðis og láti heyra frá sér reglulega.
Ef lögreglustjóri gefur út fyrirmæli um rýmingu er íbúum skylt að rýma hús sín. Almannavarnir í héraði opna fjöldahjálparstöð og halda skráningu um dvalarstaði fólks þar til því er heimilt að fara til síns heima

Sá sem lendir í aurskriðu skal

- **Krjúpa og verja höfuð**
Krjúpa og verja höfuð sitt ef ekki er mögulegt að komast undan skriðunni
- **Leita til hátt liggjandi staða**
Reyna að koma sér úr farvegi skriðunnar og leita til hátt liggjandi staða
- **Húsaskjól**
Leita skjóls í húsum og loka gluggum og millihurðum og dvelja þeim megin sem snýr undan fjallshlíðinni
- **Verið ekki utandyra**
Haldið ykkur innandyrna og farið alls ekki í fjalllendi þar sem hættu er á aurskriðum
- **Dvalarstaður – öryggisráðstafanir**
Dveljið þeim megin í íbúðinni sem snýr undan fjallshlíðinni. Gluggum og millihurðum skal tryggilega lokað. Setjið hlera fyrir þá glugga sem snúa að fjallinu
- **Kjallarar**
Dveljið ekki í kjöllumur húsa nema þeir séu alveg niðurgrafnir og með steyptri loftplötu
- **Stöðutilkynningar**
Þeir sem búa eða dvelja afskekkt komi á síma- eða talstöðvasambandi við aðila utan hættusvæðis og láti heyra frá sér reglulega

Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annars staðar á internetinu.

7.2 Leiðbeiningar fyrir kennara og starfsfólk

Ferð í fjallendi í snjó

- Hafið samband við Veðurstofu Íslands og kannið snjóflóðahættu á áætluðu ferðasvæði. Hlítið ráðum varðandi ferðatilhögun. Mikilvægt er að fararstjórar hafi menntun og reynslu í snjóflóðamálum og leiðarvali
- Farið yfir allan búnað til fararinnar og tryggið að þátttakendur, nemendur og starfsmenn kunni á búnaðinn og viti hvernig skal haga ferð um ferðasvæði
- Gætið þess að skráðar upplýsingar um alla einstaklinga í ferðinni liggi fyrir í skólanum

Fylgið þeim atriðum í þaula sem koma fram í almennum leiðbeiningum þessa kafla.

Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annars staðar á internetinu.

7.3 Leiðbeiningar fyrir neyðarstjórn skólastofnunar

- Virkja neyðarstjórn viðkomandi skólastofnunar eftir þörfum
- Samskipti við foreldra og aðstandendur eru í höndum neyðarstjórnar og þeirra sem hún tilnefnir til þess verkefnis eins og þurfa þykir
- Hafa samráð við lögreglu vegna samskipta við aðstandendur
- Samskipti við lögreglu eru í höndum neyðarstjórnar og skólameistara
- Starfsmenn neyðarstjórnar fá upplýsingar og sjá um að halda boðleiðum opnum
- Senda viðeigandi tilkynningar til nemenda og starfsfólks í samráði við lögreglu
- Vera viðbúin því að vera í samskiptum við fjölmiðla, hafa samráð við lögreglu varðandi upplýsingagjöf til fjölmiðla
- Upplýsa aðstandendur með þeim miðlunarleiðum sem henta best
- Hafa aðstandendalista tiltækan svo hægt sé með skjótum hætti að senda skilaboð eða veita lögreglu upplýsingar